



Alþingi

Erindi nr. B 121 / 253

komudagur 28 / 11 1996

FÉLAG ÍSLENSKRA EINKAFLUGMANNA - AOPA á ÍSLANDI
FLUGGARÐAR, 101 REYKJAVIKURFLUGVÖLLUR, SÍMI 551-5000, FAX 569-4182
Stofnað 10. Október 1947

Samgöngunefnd Alþingis
Hr. Einar K. Guðfinnsson, formaður
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík 26. nóvember 1996

Félag íslenskra einkaflugmanna þakkar það traust sem þér sýnið með því að fá okkur, til umsagnar í
amað sinn, frumvarp til laga um Flugskóla Íslands h.f. .

Félag íslenskra einkaflugmanna vísar til rökstuðnings í athugasemdum, sem félagið sendi nefndinni 21.
maí s.l. FÍE ítrekar þá afstöðu sína að **frumvarpinu verði vísað frá** og mál þetta ekki tekið til
afgreiðslu fyrr en hagsmunir þeirra einkaflugmanna, sem eru nemendur í atvinnuflugnámi hafa verið
tryggðir margfalt betur en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Félagið telur tímabært að **flytja kennslu í fluggreinum yfir á verksvið menntamálaráðuneytis**,
því verulegur hluti þeirra ungmenna sem afla sér atvinnuflugréttinda lendir í blindgötu eftir námið.
Vegna reglna um viðhald flugréttinda er miklum **erfiðleikum bundið að halda fengnum réttindum**.
Þess vegna lenda þeir sem ekki fá strax störf sem atvinnuflugmenn, á hálfgerðum vergangi meðan beðið
er eftir því að starf bjóðist. Flugnemar verða að njóta öryggis almennra reglna um nám, menntun og
starfsréttindi. Frumvarpið felur ekki í sér neinar úrbætur í þessum efnum og í því er ekki að finna nein
áform um að nám í þessum skóla geti nýst nemendum sem grunnur til framhaldsnáms í öðrum skólum,
hvorki íslenskum né erlendum.

Sérhver einstaklingur sem vill öðlast starfsréttindi sem atvinnuflugmaður þarf nú að leggja út um tvær
milljónir króna í beinan kostnað við námið. (sjá meðfylgjandi sundurliðun frá 21.05.96) Þá er ekki talinn
með sá vinnutími sem fer í að stunda námið og ekki upphald eða annar tengdur kostnaður sem getur verið
umtalsverður, því ekki eru allir verðandi flugmenn búsettir í Reykjavík. Slík útgjöld, í upphafi lífsbaráttu
þessara einstaklinga, hafa afgerandi áhrif á fjárhagslega afkomumöguleika þeirra um langa framtíð. Ekki
síst þeirra sem fá ekki fljótlega störf sem atvinnuflugmenn. Margir þeirra glata öllum flugréttindum sínum
á skömmum tíma. Löggjafinn má til með að gefa þessu atriði betri gaum.

Verði frumvarpinu ekki vísað frá skal eftirfarandi áréttað :

Í athugasemdum við 1. gr frumvarpsins segir m.a. : " - er aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta
varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að skólanum og hafa þannig áhrif á
stefnu hans og viðgang." Þetta er sögð megin ástæða hlutafélagsstofnunarinnar.

**Þeir aðilar sem mestra hagsmuna eiga að gæta eru nemendurnir sjálfir. Þeir verða að vera
einkaflugmenn, sbr athugasemdir við 3.gr., og er Félag íslenskra einkaflugmanna þeirra
hagsmunafélag. FÍE fer þess á leit að Samgöngunefnd Alþingis hlutist til um að tryggja FÍE
eignaraðild að skólanum og þar með nemendum hans möguleika á að hafa áhrif á starfsemi
hans, verði frumvarp þetta að lögum.**

AOPA

AIRCRAFT OWNERS and PILOTS ASSOCIATION

Með hagsmuni nemendanna að leiðarljósi leggur FÍE því enn fremur til :

1. - að eftirfarandi málsgrein bætist aftan við 2. gr. frumvarpsins :

Undanþáguákvæði 2.gr. og 12.gr. laga nr. 50 / 1988 skulu gilda ef loftfar í einkaeign er nýtt til öflunar eða viðhalds flugréttinda.

2. - að 6. gr. orðist svo :

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu. Engum einum aðila, öðrum en ríkinu skal þó heimilt að eiga meira en 16.6% hlutafjár.

3. - að fyrri málsgrein 7. gr. orðist svo :

Stofnfund félagsins skal halda samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra í samráði við Félag íslenskra einkaflugmanna og aðra þá sem hann kveður til samstarfs um stofnun hlutafélags um rekstur skólans. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Virðingarfyllt

Stjórn Félags íslenskra einkaflugmanna



Þorkell Guðnason




Guðmundur Ásgeirsson



Bragi Sigurvinsson



Guðmundur Þór Björnsson




Þorsteinn Kristinsson



Kjartan P. Sigurðsson



Höður Guðlaugsson



Bjarni Árnason

FÉLAG ÍSLENSKRA EINKAFLUGMANNA - AOPA á ÍSLANDI

Samantekt á kostnaðarliðum við öflun lágmarks starfsréttinda atvinnuflugmanns 21.05.96

1. Flugnemaskirteini	kr.	5.000 *
2. Sakavottoró	kr.	1.000 *
3. Fæðingarvottoró	kr.	400 *
4. Myndataka	kr.	1.350
5. Radioskirteini	kr.	2.400 *
6. Læknisvottoró	kr.	3.000 *
7. Log-bók	kr.	1.500
8. Sjónflugskort	kr.	800
9. 60 Flugtímar C-152 og bóklegt einkaflugm.námskeið	kr.	400.000
10. Head-set o.fl. persónuhlífar	kr.	35.000
11. Kennslubækur til einkaflugm.prófs	kr.	12.426 *
12. AIP-flugmannahandbók	kr.	2.500 *
13. AIP-áskrift í eitt ár	kr.	3.500 *
14. Prófgjöld v/ bóklegs einkaflugm.prófs (einnig til kr. 2750 x 6)	kr.	8.500 *
15. Prófgjöld v/ verklegs einkaflugm.prófs	kr.	4.000 *
16. Einkaflugmannsskirteini	kr.	5.000 *
17. Næturlugsáritun	kr.	1.800 *
18. Gerðaráritun f. Cessna 172	kr.	1.800 *
19. Gerðaráritun f. Beechraft	kr.	1.800 *
20. Gerðaráritun f. Piper	kr.	1.800 *
21. Flugvélahandbókarpróf	kr.	2.750 *
22. Handbókaráritun	kr.	1.800 *
23. Skólagjöld Flugskóla Íslands	kr.	130.000 *
24. Námskeiðsgjald Flugkennaranámskeið	kr.	60.000 *
25. Námskeiðsgjald ATP	kr.	75.000 *
26. Bóka og tækjakostnaður v/ F.Í, kennara- og ATP-námsk.	kr.	60.000
27. Verklegt atvinnuflugm.próf	kr.	5.000 *
28. Verklegt flugkennarapróf	kr.	5.000 *
29. Verklegt blindflugspróf	kr.	6.000 *
30. Verklegt fjölhreyflapróf	kr.	6.000 *
31. Flughermir í 20 tíma á kr. 1500	kr.	30.000 *
32. Flughermir ; kennsla í 20 tíma á kr 2000	kr.	40.000
33. 30 X-C flugtímar eftir einkaflugmannspróf C-152	kr.	165.000
34. 10 X-C flugtímar eftir einkaflugmannspróf C-172	kr.	70.000
35. 10 tímar á kr. 8500, blindflug C-172	kr.	85.000
36. 14 tímar á kr. 17000, blindflug og þjálfun á 2.hreyfla vél	kr.	238.000
37. 50 tímar á kr. 5500, flugtímar Cessna 152	kr.	275.000
38. 16 tímar á kr. 7000, flugtímar 4. sæta vél	kr.	112.000
39. 10 tímar á kr. 6900 prófundirbúningur C-152	kr.	69.000
40. 8 tímar á kr. 6900 kennarapróf/kennsla C-152	kr.	55.200
41. Myndataka II.	kr.	1.350
42. Skirteini atvinnuflugmanns	kr.	5.000 *
43. Áritun um kennararéttindi	kr.	1.800 *
44. Blindflugsáritun	kr.	1.800 *
45. Fjölhreyflaáritun	kr.	1.800 *
Samtals	kr.	1. 996. 076

* greitt til Flugmálastjórnar eða eftirlits - / þjónustuaðila hins opinbera